

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. febrúar 2017

**Efni:** Umsögn um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að fæðingarorlof hækki í tólf mánuði úr nú í tveimur þrepum á árunum 2018 og 2019. Fæðingarorlof skiptist þannig milli foreldra að hvort um sig hafi rétt til fimm mánaða en eigi tvo mánuði sameiginlega. Tillagan er í samræmi við tillögu starfshóps um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum frá mars 2016.

Jafnframt er lagt til að hlutur Fæðingarorlofssjóðs í gjaldstofni tryggingagjalds hækki úr 0,65% í 0,87%. Ekki er gert ráð fyrir hækkun á heildartryggingagjaldshlutfalli sem nú er 6,85%. Tryggingagjaldið skiptist í þrennt, þ.e. almennt tryggingagjald 5,40%, atvinnutryggingagjald 1,35% og gjald í ábyrgðasjóð launa 0,1%. Við fyrstu sýn mætti ætla að í tillögunni felist að almenna tryggingagjaldið, sem er 5,40%, hækki ekki en sennilegra er að byggt sé á því að almenna tryggingagjaldið hækki um 0,22% og að atvinnutryggingagjaldið lækki um sama hlutfall. Ef sú hugmynd liggur að baki tillögunni eru Samtök atvinnulífsins því algerlega andvíg.

Afstaða SA er að hækkun almenna tryggingagjaldsins kemur ekki til álita. SA krefjast þess að stjórnvöld og stjórnmalaflokkarnir á Alþingi standi við ítrekuð fyrirheit um lækkun tryggingagjalds og það verði eins og fyrir hækkun vegna aukins atvinnuleysis á árunum 2009 og 2010. Enn skortir liðlega 1% lækkun gjaldsins svo því marki verði náð.


Samtök atvinnulífsins áttu aðild að umræddum starfshópi og skiluðu séráliti vegna tillögu hópsins um lengingu orlofsins og fjármögnun hennar. SA skiluðu einnig álit á drögum að frumvarpi um breytingu á umræddum lögum 23. ágúst 2016 síðastliðinn.

Í sérálitinu og umsögninni er ítrekuð sú afstaða SA að þau fallist ekki á að fæðingarorlof verði lengt í 12 mánuði vegna aukins kostnaðar og lengri fjarveru foreldra frá störfum. Alls óljóst sé hvort slík lenging muni stuðla að jafnrétti kynjanna. SA telji að fremur eigi að auka dagvistunarþjónustu sveitarfélaga. SA hafi áður lagt til að grunnskólaganga hefjist við fimm ára aldur sem gæti skapað svigrúm til lækkunar á dagvistunarlífi.

Samtök atvinnulífsins leggja gegn því að frumvarpið verði að lögum.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri

## Afstaða Samtaka atvinnulífsins

SA taka undir það meginmarkmið að báðir foreldrar nýti fæðingarorlof sitt til fulls til samvista með börnum sínum.

SA ásamt ASÍ áttu frumkvæði að því ferli sem leiddi til setningar gildandi fæðingarorlofslaga. Fram að þeim tíma fengu mæður í starfi hjá hinu opinbera greidd dagvinnulaun sín í þágildandi fæðingarorlofi og konur á almennum vinnumarkaði sem voru svo heppnar að eiga aðild að öflugum sjúkrasjóðum, eins og sjúkrasjóði VR, fengu greidd 80% launa sinna í fæðingarorlofinu. Markmið SA og ASÍ var að jafna réttindi milli vinnumarkaða, jafna samkeppnisstöðu kynjanna á vinnumarkaðnum með þeirri skiptingu orlofsins milli foreldra sem þar er kveðið á um og þar með stuðla að jafnrétti kynjanna.

### *Hækkun og viðmið hámarksgreiðslna*

Reynslan af upptöku fæðingarorlofskerfisins var mjög góð og ótrúlegur árangur náðist varðandi þátttöku feðra við umönnun barna sinna og þar með jöfnun á aðstöðu kynjanna. SA leggja áherslu á að fæðingarorlofskerfið verði endurreist sem næst í upphaflegri mynd með hækkun hámarksgreiðslna og að hlutfall viðmiðunartekna verði áfram 80%. Sú aðgerð hefur mest áhrif á töku feðra á fæðingarorlofi.

SA leggjast gegn tillögu meiri hluta starfshópsins um að fyrstu 300.000 kr. viðmiðunartekna verði óskertar. Sú framkvæmd flækir kerfið og hefur ekki verið sýnt fram á að sá kostnaðarauki sem tillögunni fylgir muni fremur stuðla að markmiðinu um jafnrétti kynja en hækkun hámarksfjárhæðarinnar. Æskilegra er að nýta þá fjármuni til hækkunar hámarksgreiðslu úr sjóðnum og komast þannig nær fyrra viðmiði. Þá á það ekki að vera hlutverk fæðingarorlofsgreiðslna að stuðla að tekjujöfnun í landinu.

### *Lengd fæðingarorlofs*

SA geta ekki heldur fallist á þá tillögu meiri hluta starfshópsins að fæðingarorlof vegna barns verði lengt í 12 mánuði með vísan til aukins kostnaðar og lengri fjarveru foreldra frá störfum. Alls óljóst er að slík lenging muni stuðla að jafnrétti kynjanna. SA telja að brúa eigi hið svokallaða umönnunarbíl, eftir að núgildandi fæðingarorlofi lýkur, með aukinni dagvistunarþjónustu sveitarfélaga. SA hafa áður lagt til að grunnskólaganga hefjist við fimm ára aldur. Slík breyting gæti skapað svigrúm til lækkunar á dagvistunarlífi.

### *Fjármögnun*

Fyrirkomulag fjármögnunar verður að liggja fyrir samhliða ákvörðun. Frekari hækkun tryggingagjalds kemur ekki til álita af hálfu SA.

Fyrirtækin í landinu hafa staðið undir kostnaði af fæðingarorlofi starfsmanna með álögðu tryggingargjaldi. Lengst af dugði 1,08% tryggingagjald til að standa undir útgjöldum fæðingarorlofssjóðs. Gjaldið var síðar hækkað í 1,28% án þess að séð verði að útgjöld sjóðsins hafi kallað á slíka hækkun. Árið 2013 var stórum hluta gjaldsins veitt til annarra útgjaldaliða. SA gerir kröfur til þess að breytingar þær sem fyrirhugaðar eru á fæðingarorlofsrétti rúmist innan núverandi tryggingagjalds.

Sjá yfirlit yfir þróun tryggingagjalds hér að neðan..

Reykjavík 8. mars 2016



Hrafnhildur Stefánsdóttir

**Þróun tryggingagjalds frá 1991-2016**

	Almenna tryggingagjaldið		Trygginga- gjöld Alls
	Almennur gjaldflokkur	þ.a. Fæðingar- orlofssjóður	
2000	3,99		5,23
2001	5,19	0,85	6,08
2002	5,19	0,85	6,08
2003	4,84	0,85	5,73
2004	4,84	0,85	5,73
2005	4,99	1,08	5,73
2006	4,99	1,08	5,79
2007	4,54	1,08	5,34
2008	4,54	1,08	5,34
2009	4,54	1,08	5,34
2009	4,54	1,08	7,00
2010	4,54	1,08	8,65
2011	4,54	1,08	8,65
2012	4,99	1,28	7,79
2013	5,29	1,28	7,69
2014	6,04	0,65	7,59
2015	6,04	0,65	7,49
2016	5,90	0,65	7,35

Velferðarráðuneytið,  
b.t. Bjarnheiðar Gautadóttur, lögfræðings  
Hafnarhúsinu v. Tryggvagötu  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 23. ágúst 2016.

**Efni: Umsögn um drög að frumvarpi um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof.**

Félags- og húsnæðismálaráðherra hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um framangreind drög að frumvarpi. Fulltrúi SA í starfshópi sem félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum lagði fram minnisblað, dags. 8. mars 2016, þar sem afstaða samtakanna til málsins kemur fram. Minnisblaðið fylgdi skýrslu hópsins.

**SA leggja áherslu á að fyrirkomulag fjármögnunar verði að liggja fyrir þegar frumvarpið verður lagt fram á Alþingi.** Fæðingarorlofssjóður hefur frá upphafi verið fjármagnaður af almennu tryggingagjaldi, sem nú er 5,90% af gjaldstofni. Aðskilið frá almenna tryggingagjaldinu er atvinnutryggingagjald sem afmarkað er til að standa undir aðstoð við þá sem eru skráðir atvinnulausir á hverjum tíma. **Það er skýr afstaða SA að frekari hækkun almenna tryggingagjaldsins kemur ekki til álita.**

SA ásamt ASÍ áttu frumkvæði að ferli sem leiddi til gildandi fæðingarorlofslaga árið 2000. Fram að því fengu mæður í starfi hjá hinu opinbera greidd dagvinnulaun í þágildandi fæðingarorlofi og konur á almennum vinnumarkaði sem voru svo heppnar að eiga aðild að öflugum sjúkrasjóðum, eins og sjúkrasjóði VR, fengu greidd 80% launa sinna í fæðingarorlofinu. Markmið SA og ASÍ var að jafna réttindi milli vinnumarkaða, jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði með skiptingu orlofsins milli foreldra.

Samkvæmt lögnum sem tóku gildi í ársbyrjun 2001 var fæðingarorlofssjóði ætlaður 0,85% af almennu tryggingagjaldi til að standa undir greiðslum og var gjaldið hækkað sem því nam. Jafnframt var almenna gjaldið hækkað um 0,35%.

Frá ársbyrjun 2005 var atvinnutryggingagjaldið lækkað úr 0,8% í 0,65% en almenna tryggingagjaldið hækkað samsvarandi. Jafnframt var sá hluti almenna gjaldsins sem rennur í fæðingarorlofssjóð hækkað úr 0,85% í 1,08% til að tryggja fjármögnun sjóðsins.

Í samræmi viðkjarasamninga á almennum markaði hækkaði almenna tryggingagjaldið um 0,45% í ársbyrjun 2012 og varð 4,99%. Þar af hækkuðu markaðar tekjur fæðingarorlofssjóðs um 0,2%, og námu 1,28%, til vega upp uppsafnaðan halla á sjóðnum á síðustu árum. Afgangurinn, 0,25%, var nýttur til að fjármagna aukin útgjöld ríkissjóðs vegna almannatrygginga.

Í árslok 2013 samþykkti Alþingi enn á ný hækkun almenna tryggingagjaldsins um 0,75% og jafnframt lækkan á framlagi til fæðingarorlofssjóðs um 0,63%. Hluti almenna gjaldsins sem rennur til fjármögnunar lífeyris- og slysatrygginga almannatrygginga var því hækkað um

1,38%, eða um ríflega þriðjung. Frá ársbyrjun 2012 hafði sá hluti tryggingagjalds sem rennur til almannatrygginga hækkað úr 3,46% í 5,39% eða um 56%.

Samtök atvinnulífsins mótmæltu þessum breytingum á almenna gjaldinu og bentu á að lækkun á framlagi til fæðingarorlofssjóðs myndi eyða upp höfuðstól sjóðsins á fáeinum árum. Sú hefur orðið reyndin en í árslok 2015 nam eigið fé sjóðsins 3,0 ma.kr. og hafði lækkað um 1,8 ma.kr. á árinu.

**Af framangreindri upprifjun á sögu fæðingarorlofssjóðs og þróun almenna tryggingagjaldsins er það skýr afstaða Samtaka atvinnulífsins að nái umrædd drög að frumvarpi um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof fram að ganga þá verði fyrirsjáanlegri aukinni fjárþörf fæðingarorlofssjóðs ekki mætt með hækkun á almenna tryggingagjaldinu heldur með því að færa stærri hluta þess til fæðingarorlofssjóðs á ný.**


Samtökin geta fallist á ákvæði frumvarpsdraganna sem kveða á um hækkun á orlofsfjárhæðum. Með vísan til minnisblaðs frá velferðarráðuneytinu, dags. 12. ágúst 2016, um áætlaðan kostnað við fyrirhugaðar breytingar fæðingarorlofi, er talið að hækkun á orlofsfjárhæðum auki útgjöld sjóðsins um 3,4 ma.kr. þannig að þau nemi um 12,2 ma.kr. á árinu 2018 á núgildandi verðlagi. Það svarar um 1% af tryggingagjaldsstofni.

SA geta ekki fallist á ákvæði 15. gr. frumvarpsdraganna að fæðingarorlof vegna barns verði lengt í 12 mánuði vegna aukins kostnaðar og lengri fjarveru foreldra frá störfum. Alls óljóst er hvort slík lenging muni stuðla að jafnrétti kynjanna. SA telja að frekar eigi að auka dagvistunarþjónustu sveitarfélaga. SA hafa áður lagt til að grunnskólaganga hefjist við fimm ára aldur. Það gæti skapað svigrúm til lækkunar á dagvistunarlöngun.

Verði sameiginlegur réttur foreldra til fæðingarorlofs lengdur í tólf mánuði er, skv. fyrrnefndu minnisblaði, gert ráð fyrir því að kostnaðaraukning sjóðsins verði á bilinu 4.450-5.150 m.kr. eftir skiptingu orlofsins milli foreldra. Hver mánuður til viðbótar fæðingarorlofi mæðra er talinn auka útgjöld sjóðsins um 1.250 m.kr. á ári en hver mánuður sem bætist við fæðingarorlof feðra auki útgjöld sjóðsins um 1.600 m.kr. Samkvæmt því myndi kostnaður fæðingarorlofssjóðs svara til 1,4% af tryggingagjaldsstofni þegar lenging í 12 mánuði verður að fullu komin til framkvæmda.

SA hafa ekki séð forsendur fyrir útreikningum á fjárhæðum sem nefndar eru í minnisblaði velferðarráðuneytisins. Samkvæmt lauslegum útreikningum SA verður fjárþörf sjóðsins töluvert meiri eða allt að 1,65% af tryggingagjaldsstofni. Samtökin óska því eftir upplýsingum um forsendur útreikninga ráðuneytisins.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Halldór Árnason